

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 30. janúar kl. 16.00 var haldinn 149. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um stöðu mála varðandi Secret Solstice 2017.

Guðmundur Vignir Óskarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 16.20 tekur Lilja Sigrún Jónsdóttir sæti á fundinn
- kl. 16.25 tekur Kristín Elfa Guðnadóttir sæti á fundinn

2. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. des.2016, við athugasemd hverfisráðs Laugardals um tillögu að deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 2.
3. Lagt fram erindi frá skóla- og frístundasviðs, dagsett 19. des. 2016, um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar þar sem óskað er umsagnar hverfisráðs Laugardals.

Hverfisráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals er meðmælt því að farið verði í endurskoðun á mörkum skólahverfa í Voga- og Heimahverfi og mælir með tillögu 2 sem kynnt var á fundinum í Vogaskóla 24. janúar.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. janúar 2017, um deiliskipulagsbreytingu að Langholtsvegi 113.

Hverfisráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð tekur jákvætt í breytinguna en bendir á umræður sem átt hafa sér stað á FB-hópnum Langholtshverfi-104. Þar lýsir fólk m.a. áhyggjum sínum vegna ónæðis af aukinni umferð og ónæðis vegna rekstursins.

5. Lögð fram samantekt á verkefninu Betri hverfi - Hverfið mitt 2010-2015.
 6. Fyrirhugað er að halda opinn fund í Langholtshverfi um nágrannavörslu 15. febrúar kl. 20. Íbúasamtökin og verkefnisstjóri þjónustumiðstöðvar vinna að undirbúningi fundarins. Um er að ræða samstarfsverkefni þjónustumiðstöðvarinnar, íbúasamtakanna og hverfisráðsins.
- kl.17.00 viku Elín Engilbertsdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 17.10

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Bjarni Jónsson (Sign)
Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Elín Engilbertsdóttir (Sign)